

Fundargerð ársfundar Retrieverdeildar 2021.

Haldinn 15. mars 2022 í húsnæði HRFÍ, Síðumúla 15 klukkan 20:00.

Mæting: 10 manns

Guðni B. Guðnason hefur fundinn og leggur til fundarstjóra og ritara. Fundur samþykkir Þórhall Atlason sem fundarstjóra og Karl Gíslason sem fundarritara

1. Farið yfir árskýrlu stjórnar fyrir starfsárið 2021

Guðni B. Guðnason fer yfir skýrsluna í helstu atriðum. Skýrlan liggur fyrir á heimasíðu deildarinnar.

Umræður um mjaðma og olnbogamyndatökur, hátt hlutfall í Golden er að myndast í C miðað við Labrador.

Umræða um dagskrá ársins og að halda ætti tvær deildarsýningar, það þarf að efla sýningarnefnd og fá fleira fólk í nefndina. Mikilvægt að vel sé staðið að deildarsýningunum og félagsmenn gefi sér tíma í að aðstoða. Fundurinn ályktaði að ef ekki tækist að fá fólk til starfa á þeim þá þyrfti því miður að hætta við þær þar sem ekki væri hægt að setja þessa miklu vinnu á fáar hendur.

2. Kynning á rekstarreikning deildarinnar fyrir starfsárið 2021

Karl Gíslason fer yfir rekstarreikning. Fundur samþykkir reikninga.

3. Umræður um þarfir deildarinnar til húsnæðis

Guðni B. Guðnason kynnir og kallar eftir umræðum

Haldinn var fulltrúarráðsfundur fyrr í kvöld þar sem málin voru rædd. Stjórn Retrieverdeildar settu saman nokkra punkta á síðasta stjórnarfundi, þeir voru meðal annars

- Aðstaða fyrir sýningarrými með tveimur hringjum fyrir deildarsýningu með undirlagi sem hentar betur til sýninga
- Afgirt útisvæði fyrir hvolpanámskeið eða byrjandanámskeið í vinnu, t.d. þrískipt útisvæði tengt inniaðstöðu
- Skrifstofa ætti ekki að fá eins mikið vægi eins og þetta, frekar að hafa hana í bentugu húsnæði. Gæti þó vel verið samtengd.
- Snyrtileg aðstaða
- Vera staður fyrir æfingar, vera hægt að bóka sig og félagsmenn hafi greiðann aðgang að svæðinu
- Fundaraðstaða fyrir félaga, ekki endilega fyrir mjög stóra fundi
- Aðstaða til almennra hittinga

Spurningar og umræður



Marta - Það væri hægt að tvinna þetta með hlýðni og vinnuhundum, skortur á góðu svæði
Gunnar - Hvert er markmið HRFÍ, er það að byggja eða hvað?

Guðni - Hugmyndin er að leggja til hvað félagsmenn vilja gera, leggja það svo fyrir stjórn HRFÍ. 3 megin valkostir, byggja, kaupa skrifstofu eða geyma peninginn. Gallinn við kost 3 er að þá verður hann skattlagður sem hagnaður af sölu fasteignar ef ekki verður endurfjárfest í húsnæði.

Gunnar - Eitthvað sem skuldbindur HRFÍ að vera í Reykjavík?

Guðni - Lagt er frekar til að vera í jaðar höfuðborgarsvæðisins

Heiðar - Ánægður með þetta ferli sem þetta er í, það ekki hægt að setja á ábyrgð einnar stjórnar að ákveða svona viðamikla fjárfestingu

Guðni - Tilgangur félagsins er að hafa húsnæði til umráða ásamt góðum gagnagrunni sem ætti í raun að hafa hærri forgang en húsnæði

Tóti - Er ekki eins gott að leigja?

Guðni - Þarf að vera búið að leggja í sambærilega fjárfestingu innan tveggja ára annars yrði söluhagnaður skattlagður

Heiðar - Góðir punktar og margir möguleikar í stöðunni, varasamt að fara út í of viðamikla fjárfestingu án þess að skuldsetja framtíðina, mikilvægt að greina þarfir

Gunnar - Hvaða starfsemi gæti hentat með?

Guðni - Til dæmis blindrahundar, hundaskólar, hundapössun, en alskyns möguleikar í boði

Umræður um markmið HRFÍ, hver gæti hjálpað okkur eða stutt HRFÍ þessu máli

4. Kosning til stjórnar

Tvö sæti eru laus til tveggja ára. Unnar Olga Ingvarsdóttir og Óli Þór Árnason hafa lokið sínu kjörtímabili og gefa ekki kost á sér áfram.

Guðrún Björg Ragnarsdóttir og Erla Heiðrún Benediktsdóttir gefa kost á sér og eru sjálfkrafa kjörin.

Stjórn deildarinnar fyrir starfsárið 2022 skipa

Sunna Birna Helgadóttir

Guðni B. Guðnason

Karl Andrés Gíslason

Guðrún Björg Ragnarsdóttir

Erla Heiðrún Benediktsdóttir

Við óskum nýrri stjórn til hamingju og þökkum fráfarandi stjórnarmeðlimum vel unnin störf.

5. Kosning í nefndir

Veiði og vinnunefnd

- Þórhallur Viðar Atlason
- Vilhjálmur Kári Heiðdal
- Ævar Valgeirsson
- Víðir Lár



- Heiðar Sveinsson
- Guðrún Björg Ragnarsdóttir
- Jens Magnús Jakobsson
- Vilhelm Jónsson
- Anna St. Einarsdóttir
- Gísli Már Árnason

Básanefnd

Enginn

Sýninganeftnd og Skemmti – og göngunefnd

- Óli Þór Árnasson
- Sólrún Dröfn Helgadóttir
- Sunna Birna Helgadóttir
- Unnur Olga Ingvarsdóttir
- Telma Dögg Freysdóttir
- Eva Björg Bragadóttir
- Svava Guðjónsdóttir
- Alda Gyða Úlfarsdóttir
- Íris Ellingsdóttir

Vefsíðunefnd

- Olgeir Gestsson
- Sólrún Dröfn Helgadóttir
- Karl Andrés Gíslason
- Andrés Ævar Grétarsson

Vísindanefnd

Tillaga kom frá Erlu Heiðrúnu Benediktsdóttur að stofna vísindanefnd, fundurinn ræddi málið og var það samþykkt. Nefndin hefði það hlutverk að skoða sérstaklega sjúkdóma Retrieverhunda, útbúa fræðslu fyrir heimasíðu og halda fræðsluerindi. Nefndin gæti komið með álit til Vísindanefndar HRFÍ með niðurstöður sínar.

- Erla Heiðrún Benediktsdóttir
- Sesselia Guðrún Sigurðardóttir

Þakki til allra þeirra sem sinna og hafa sinnt sjálfboðastörfum fyrir deildina.

6. Önnur mál

Gunnar Örn Arnarsson vekur athygli á því að að það láðist að taka fram lögmaeti fundar í upphafi. Hann telst löglega boðaður samanber reglur HRFÍ og engin andmæli voru við lögmaeti fundarins þegar erindið var borið upp. Fundurinn þakkar Gunnari fyrir að vekja athygli á þessu svo hægt sé að bóka það í fundargerð.

Gunnar Örn Arnarsson spyr hvort námskeið sem fell niður 2021 með Oliver Kiraly kæmi til með



að vera haldið í ár. Karl Gíslason svaraði, því miður þá var hann uppbókaður sumarið 2022, stefnan er að reyna fá hann sumarið 2023 í staðinn.

Heiðar Sveinsson nefnir að það séu tvær deildarsýningar á dagskrá fyrir starfsárið og hvort það verði stefnt á að halda sýningarábjálfanir. Unnur Olga Ingvarsdóttir svarar að Sunna Birna Helgadóttir hafi verið í samskiptum við erlenda þjálfara og planið sé að reyna halda sýningarábjálfanir fyrir báðar deildarsýningarnar.

Þórhallur Atlason þakkar fyrir og slítur fundi.

SeS
F.M. stjórnar
Guðrún Þórssen R.,
Erla Hoer
Sunna B. Helgad.

BKA
BKA